

FUNDARGERÐ	Tílefni funda		Síða
	Þjórsárdalur – Fundur með samstarfshóp um málefni verndarsvæðisins		
Dags. funda	Tími	Staður	Nr. fundar
06.05.2021	10:00 – 11:00	Fjarfundur á Teams	2
Fundarboðandi	Fundarritari		
Umhverfisstofnun	Hákon Ásgeirsson		

Fundarmenn

Frá Umhverfisstofnun: Hákon Ásgeirsson, Frá Minjastofnun: Uggi Ævarsson og Ásta Hermannsdóttir. Frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp: Björgvin Skafti Bjarnason. Frá Skógræktinni Hreinn Óskarsson.

Gestur: Gunnar Gunnarsson – verkefnastjóri heilsueflandi samfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Efni fundarins

- Landsáætlun um uppbyggingu innviða - fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum Umhverfisstofnunar
- Frumathugun
- Önnur mál
- Stikun gönguleiða og uppsetning skilta

Áætlaðar framkvæmdir 2021

- Hjálparfoss – viðhald innviða 2.500.000 kr.
- Háifoss og Granni - Gerð deiliskipulags 1.500.000 kr. Deiliskipulag unnið í kjölfar frumathugunar.
- Frumathugun á áfangastöðum ferðamanna innan landslagsverndarsvæðisins 6.000.000 kr. Farið yfir hvaða áfangastaði um ræðir sem eru Hjálparfoss, Stöng, Gjáin og Háifoss. Rætt hvaða innviðir þurfa að vera til staðar á umræddum áfangastöðum: Bílastæði, rútustæði, salerni, fræðslu og upplýsingaskilti og annað tilheyrandi. Framkvæmdasýsla ríkisins mun vinna frumathugunina.

Salerni

Skógræktin er að láta tengja vatn á salernin við Hjálparfoss og áætlað að þau verði tilbúin til notkunar í sumar. Óskað verður eftir því að Umhverfisstofnun sjái um rekstur þeirra og mun Skógræktin senda erindi þess efnis til stofnunarinnar.

Stikun gönguleiða

Forgagnsröðun á stikun leiða og uppsetningu skilta. Stefnt er á að hefja stikun á gönguleið milli Háafoss og Hólaskóg á næstu vikum. Því næst frá Hólaskóg að Gjánni þar sem gönguleið tengist inn á hringleið sem liggur milli Stangar og Gjárinnar. Gönguleiðir eru í samræmi við útivistarskipulag sveitarfélagsins. Þá er áætlað að kanna stikun gönguleiðar frá Stöng og að Hjálparfossi og þaðan áfram að Sandártungu. Stefnt á að samstarfshópur ásamt Gunnari Gunnarssyni verkefnastjóra heilsueflandi samfélags í Skeiða- og Gnúpverjahrepp fari í vettvangsferð og skoði mögulega legu umræddra gönguleiða með tilliti til verndun náttúru og menningarminja. Einnig varðandi útsýnis- og áningastaði og staði fyrir fræðslu og upplýsingaskilti.

Önnur mál

Lagt til að búa til eitt kort með útlínum friðlýstra svæða Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar ásamt því að tengja inn á það staðsetningar forminja.

Niðurstaða fundar

Verkefninu um gerð frumáætlunar verður sett í gang með FSR.

Send verður út tillaga að tímasetningu til að fara í vettvangsferð til að kanna legu gönguleiða sem fyrirhugað er að stika.